



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Málefni fatlaðra hjá Háskóla Íslands

2002 - 2006

Skýrsla

Ráð um málefni fatlaðra

Október 2006

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	3
2. MÁLEFNI FATLAÐRA HJÁ HÁSKÓLA ÍSLANDS	3
SÖGULEGT YFIRLIT	3
RÁÐ UM MÁLEFNI FATLAÐRA	4
HLUTVERK NÁMSRÁÐGJAFAR Í MÁLEFNUM FATLAÐRA STÚDENTA	5
3. STEFNUMÁL OG VERKLAG	7
STEFNA Í MÁLEFNUM FATLAÐRA	7
REGLUR UM SÉRTÆK ÚRRÆÐI Í NÁMI	7
STEFNA GEGN MISMUNUN.....	7
4. FRÆÐSLA, RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN	8
NÁMSKEIÐ OG KYNNINGAR.....	8
HÁSKÓLI FYRIR ALLA	8
RANNSÓKNIR	9
HÁSKÓLAVEFURINN.....	10
GÆÐHEILBRIGÐISMÁL	10
ÞÁTTTAKA Í RÁÐSTEFNUM.....	11
5. AÐGENGI AÐ BYGGINGUM.....	12
6. HAGSMUNAFÉLÖG STÚDENTA	13
FORTÚNA	13
MANÍA	14
7. VERKEFNIN FRAMUNDAN	14
VERKEFNI RÁÐS UM MÁLEFNI FATLAÐRA	14

1. Inngangur

Í reglum um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands frá 2002 er kveðið á um að Ráð um málefni fatlaðra leggi fram skýrslu um málaflokkinn á þriggja ára fresti. Þar sem þessi skýrsla er sú fyrsta í röðinni þótti við hæfi að einskorða efni hennar ekki við síðustu þrjú ár heldur rekja einnig í fáum orðum þær breytingar sem orðið hafa síðan skólinn markaði sér fyrst sérstaka stefnu í þessum efnum árið 1990. Breyttar kröfur og samfélagsumræða á liðnum árum um stöðu fatlaðra hafa hvatt til öflugs starfs í málaflokknum auk þess sem starfsfólk HÍ hefur fylgst með nýjungum í erlendum háskólum og tekið þátt í faglegri umræðu.

Tilgangur skýrslunnar er fyrst og fremst að líta yfir farinn veg og gera grein fyrir þeim úrbótum sem unnið hefur verið að. Í lokin eru jafnframt reifuð nokkur mál sem fyrirhugað er að vinna að á næstunni.

2. Málefni fatlaðra hjá Háskóla Íslands

Réttindabarátta fatlaðra og breytt viðhorf meðal almennings hafa gert það að verkum að sífellt fleiri gera kröfur til menntunar og jafnrar þátttöku í samfélaginu. Háskóli Íslands hefur brugðist við með skipulegum hætti.

Sögulegt yfirlit

Árið 1990 var skipuð nefnd sem hafði það hlutverk að vinna að málefnum fatlaðra við Háskóla Íslands. Þessa nefnd skipuðu forstöðumaður Námsráðgjafar, framkvæmdastjóri kennslusviðs HÍ, einn námsráðgjafi og fulltrúi fatlaðra stúdenta. Nefndin lagði fram tillögu um skipan þjónustu fyrir fatlaða sem samþykkt var í háskólaráði í janúar 1991. Til fróðleiks má geta þess hér að lög um málefni fatlaðra voru sett á Alþingi árið 1992.¹

Í desember 1993 tók Námsráðgjöf saman skýrslu um stöðu mála gagnvart fötluðum stúdentum, þar sem einnig var spáð fyrir um fjölgun nemenda með fötlun eða hömlun í námi. Þar er vísað til örrar þróunar í málefnum fatlaðra á öðrum skólastigum og breyttum viðhorfum samfélagsins til þessara hópa.

Ákveðin vatnaskil urðu árið 1995 en þá gerði dr. Sue Kroeger, framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar fyrir fatlaða (e. Disability Services) við Minnisotaháskóla, tillögur um

¹ Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992.

stefnu í málefnum fatlaðra nemenda við Háskóla Íslands. Þar voru settar fram í fyrsta sinn hugmyndir um hvert skólinn skyldi stefna í málefnum fatlaðra stúdenta og tekið mið af því sem best var gert við erlenda háskóla. Ný stefna var síðan samþykkt í júní 1995.

Stuðningskerfi Háskólans tók enn stakkaskiptum árið 1998 þegar farið var að gera formlegt samkomulag milli nemanda og Háskólans um úrræði fyrir fatlaða nemendur en því til grundvallar þarf að liggja greining eða vottorð frá sérfræðingi eða lækni. Megintilgangur hins formlega samkomulags er að samhæfa verklag allra aðila (Námsráðgjafar, deilda, kennara, stjórnarsýslu, prófstjóra, umsjónarmanna fasteigna og annarra sem málið varðar) sem koma að framkvæmd þeirra úrræða sem Háskólinn skuldbindur sig til að veita.

Stöðug fjölgun stúdenta sem þurfa á ýmiss konar þjónustu að halda kallaði síðan á endurskoðun þessara mála árið 2002 eins og vikið er að hér á eftir.

Ráð um málefni fatlaðra

Framkvæmdastjóri akademískrar stjórnarsýslu skipaði í febrúar 2002 starfshóp um málefni fatlaðra stúdenta og starfsfólks við Háskólann að frumkvæði jafnréttisnefndar Háskólans. Hlutverk hópsins var að vinna drög að reglum um sértæk úrræði í námi og að endurskoða stefnu Háskólans í málefnum fatlaðra stúdenta. Í drögum starfshópsins var gert ráð fyrir að stefna í málefnum fatlaðs starfsfólks yrði útfærð sérstaklega. Jafnframt vann hópurinn drög að framkvæmda- og kynningaráætlun Háskóla Íslands í málefnum fatlaðra. Rósa Erlingsdóttir jafnréttisfulltrúi stýrði vinnu starfshópsins en aðrir í hópum voru Gísli Fannberg kennslusviði, Jón Geir Jónsson Stúdentaráði, Lilja Þorgeirsdóttir starfsmannasviði, Magnús Stephensen Námsráðgjöf og Valpór Sigurðsson, rekstrar- og framkvæmdasviði. Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur veitti starfshópnum ráðgjöf m.t.t. laga og reglna. Regludrögin voru samþykkt í háskólaráði 14. júní 2002 og reglurnar birtar í Stjórnartíðindum 19. júlí sama ár.

Í júlí 2002 skipaði háskólaráð níu manna ráð um málefni fatlaðra nemenda og starfsmanna til þriggja ára, sbr. 4. gr. reglna nr. 497/2002 um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands. Af þessum níu eru þrír fastafulltrúar, jafnréttisfulltrúi Háskólans sem jafnframt er formaður ráðsins, skrifstofustjóri Námsráðgjafar og námsráðgjafi fatlaðra stúdenta. Í ráðið voru skipuð þau Ásdís Guðmundsdóttir, skrifstofustjóri í guðfræðideild, Davíð Gunnarsson, háskólanemi, Gísli Fannberg, verkefnisstjóri á kennslusviði, Lilja Þorgeirsdóttir, verkefnisstjóri á starfsmannasviði, Rannveig Traustadóttir, dósent í félagsvísindadeild og Valpór Sigurðsson, byggingastjóri Háskólans auk fastafulltrúanna Rósu Erlingsdóttur jafnréttisfulltrúa sem jafnframt var formaður ráðsins Magnúsar Stephensen,

skrifstofustjóra Námsráðgjafar og Maríu Dóru Björnsdóttur námsráðgjafa. Berglind Rós Magnúsdóttir tók sæti Rósu á haustmisseri 2003. Ráð um málefni fatlaðra var endurskipað til þriggja ára frá 1. júlí 2005. Skipan þess er óbreytt með þeirri undantekningu að Sigrún Valgarðsdóttir tók við starfi jafnréttisfulltrúa á sama tíma og þar með formennsku í ráðinu og Vigdís Ebenezersdóttir var skipuð fulltrúi stúdenta. Aðrir fulltrúar stúdenta en þeir tveir fyrrnefndu hafa verið: Þórhildur Birgisdóttir, Ragnheiður Björg Guðmundsdóttir og Hallgrímur Gunnþórsson.

Skipun Ráðs um málefni fatlaðra stúdenta og starfsmanna Háskóla Íslands, sem heyrir beint undir háskólaráð, var mikilvægt nýmæli í stefnu skólans. Í ráðinu koma saman fulltrúar allra eininga háskólasamfélagsins sem hafa það meginhlutverk að gera tillögur til háskólaráðs um stefnu í málefnum fatlaðra, að undirbúa og fylgja eftir áætlunum um framkvæmd stefnunnar og að samhæfa vinnu þeirra aðila sem koma að málaflokknum.

Í júní 2006 hafði Ráð um málefni fatlaðra haldið 23 fundi. Á fundum þess hefur meðal annars verið unnið að og rætt um stofnun hagsmunahóps fatlaðra við skólann, útgáfu bæklinga um málefni fatlaðra, stefnu Háskólans gegn mismunum, aðgengismál, vefsíðu um málefni fatlaðra, námskeið um fötlun fyrir kennara og starfsmenn, aðgengi fatlaðra að vef HÍ, söfnun táknmálstákna fyrir fræðihugtök, stöðu heyrnarskertra nemenda og ráðningu táknmálstúlks.


Hlutverk Námsráðgjafar í málefnum fatlaðra stúdenta

Námsráðgjöf Háskóla Íslands hefur frá upphafi haft umsjón með málefnum fatlaðra við HÍ og á því er hnykkt í stefnu skólans frá 2002:

Námsráðgjöf Háskóla Íslands hefur umsjón með málefnum fatlaðra stúdenta og leggur til úrræði á grundvelli faglegs álits sérfræðings og fylgir eftir framkvæmd úrræða í samvinnu við þá aðila sem málið varðar.


Auk þess að sjá um framkvæmd úrræða hefur NHÍ lagt ríka áherslu á að vera í góðum tengslum við erlenda háskóla og fylgjast með nýmælum sem kunna að koma að gagni.

Umfang þjónustu við nemendur með fötlun eða hömlun hefur aukist jafnt og þétt síðustu níu árin.



Mynd 1. Fjöldi fatlaðra stúdenta sem nutu úrræða við HÍ á árunum 1995-2005

Þegar nemendum sem njóta úrræða í námi á vegum NHÍ er skipt eftir eðli hömlunar er ljóst að nemendur með sértæka námsörðugleika er langfjölmennasti hópurinn.



Mynd 2. Flokkun nemenda með sértæk úrræði í námi háskólaárið 2004-2005

3. Stefnumál og verklag

Mikilvægasta áfanganum í stuðningskerfi HÍ til þessa var náð árið 2002 þegar ný stefna samhliða ítarlegum verklagsreglum var samþykkt í háskólaráði eftir umfjöllun í öllu háskólasamfélaginu.

Stefna í málefnum fatlaðra

Við gerð stefnu í málefnum fatlaðra var tekið mið af vinnulagi sem hafði þróast hjá Námsráðgjöf Háskóla Íslands auk þess sem horft var til erlendra háskóla, einkum í Bretlandi og á Norðurlöndum. Drög að stefnunni voru lögð fyrir háskólafund 23. maí 2002 og samþykkt samhljóða. Við endurskoðun á stefnu Háskóla Íslands í málefnum fatlaðra árið 2002 var gerð sú mikilvæga breyting að staðfesta sem meginreglu að fatlaðir eigi rétt á viðeigandi úrræðum. Auk þess voru í fyrsta skipti settar verklagsreglur sem gert hafa stuðningskerfið mun skilvirkara með því að deila ábyrgð á úrræðum víðar um háskólasamfélagið en fyrr. Stefnan er aðgengileg á vef Háskóla Íslands á vefslóðinni: <http://www.hi.is/id/1005376>

Reglur um sértæk úrræði í námi

Samhliða gerð stefnu í málefnum fatlaðra voru í fyrsta sinn unnar reglur um sértæk úrræði í námi. Voru þær samþykktar í háskólaráði 14. júní 2002. Meginmarkmið reglnanna er:

- a. Að tryggja jafnræði með þeim sem njóta þjónustu HÍ. Eitt mikilvægasta nýmælið sem birtist í reglunum felst í rétti fatlaðra nemenda til að njóta sértækra úrræða.
- b. Að samhæfa vinnu og deila ábyrgð þeirra sem koma að framkvæmd úrræða. Þó NHÍ hafi yfirumsjón með málaflokknum geta flestir starfsmenn skólans komið með einum eða öðrum hætti að þjónustu við fatlaða stúdenta og reglurnar undirstrika um leið ábyrgð alls háskólasamfélagsins í þeim efnum.

Reglurnar eru tiltækar á vef Háskóla Íslands á vefslóðinni: <http://www2.hi.is/id/1005397>

Stefna gegn mismunun

Stefna Háskóla Íslands gegn mismunun er byggð á jafnræðisreglu stjórnarskárinnar sem leggur bann við hvers konar mismunun. Stefnan var samþykkt á háskólafundi 18. febrúar 2005. Um frumkvöðlastarf er að ræða en Háskóli Íslands er fyrst stofnana til að samþykkja sérstaka stefnu gegn mismunun. Í henni er kveðið á um að í Háskóla Íslands sé mismunun á grundvelli aldurs, fötlunar, heilsufars, kyns, kynhneigðar, trúarbragða, stjórnálaskoðana,

þjóðernis, uppruna, litarháttar eða menningar ekki liðin. Stefna gegn mismunun markar spor í mannréttindamálum innan Háskóla Íslands sem á rætur sínar í fjölbreyttu samfélagi stúdenta og starfsmanna. Stúdentar og starfsfólk koma til náms og starfa með mismunandi bakgrunn, þekkingu og reynslu í farteskinu og er stefnan staðfest viljayfirlýsing Háskóla Íslands um að hver og einn fái að njóta sín á eigin forsendum. Stefna gegn mismunun er nettæk á vefslóðinni: <http://www.hi.is/id/1001785>.

4. Fræðsla, rannsóknir og þróun

Málefni fatlaðra hjá Háskóla Íslands snúast ekki síður um fræðslu, rannsóknir og þróun en stefnumál og verklag.

Námskeið og kynningar

Ráð um málefni fatlaðra hefur séð um ýmis konar fræðslu innan HÍ Í febrúar 2005 var kennurum og öðru starfsfólki Háskólans boðið upp á námskeiðið *Að vinna með fötludum* og var það ágætlega sótt. Í maí sama ár tók ráðið á móti 50 manna hópi íslenskra og erlendra fatlaðra ungmenna sem komu saman á vegum Hins hússins. Var boðið upp á kynningu um Háskóla Íslands með áherslu á aðgengi og úrræði fyrir fatlaða í skólanum. Í september á sama ári stóð ráðið fyrir mikilli kynningu á málefnum fatlaðra stúdenta Háskóla Íslands í Öskju, þar sem bæklingurinn *Háskóli fyrir alla* var m.a. kynntur. Kynningin var fjölsótt af gestum innan sem utan skólans.

Háskóli fyrir alla

Veturinn 2004 – 2005 vann ráðið að gerð bæklingins *Háskóli fyrir alla: Aðgengi og úrræði við Háskóla Íslands* sem gefinn var út vorið 2005 og dreift innan Háskólans og til allra framhaldsskóla landsins. Uppistaða bæklingins voru reynslusögur sem starfsfólk NHÍ safnaði frá stúdentum með fötlun eða hömlun ásamt upplýsingum um helstu úrræði og þjónustu sem Námsráðgjöf veitir.

Rannsóknir

Samstarf er á milli Ráðs um málefni fatlaðra og framhaldsnáms í fötlunarfræðum við félagsvísindadeild. Það felur meðal annars í sér að kennarar í greininni, þær Rannveig Traustadóttir prófessor og Hanna Björg Sigurjónsdóttir lektor, hafa staðið fyrir rannsóknum á reynslu fatlaðra nemenda af háskólanámi. Þrjú lítil rannsóknarverkefni hafa þegar verið unnin undir handleiðslu þeirra.

Háskólanám án heyrnar

Kristjana M. Sigurðardóttir MA nemandi í fötlunarfræðum vann rannsóknina *Háskólanám án heyrnar* á haustmisseri 2004. Rannsóknin var byggð á reynslu tveggja heyrnarlausra nemenda í Háskóla Íslands auk þess sem gagna var aflað um aðstæður heyrnarlausra almennt. Helstu niðurstöður voru þær að heyrnalaus nemendurnir væru mjög félagslega einangraðir innan Háskólans og alfarið háðir tülkaþjónustu í öllum samskiptum. Þeir hefðu mikla sérstöðu innan skólans og glímdu við annars konar vanda en aðrir fatlaðir nemendur þar sem þeir væru háðir þriðja aðila við öflun upplýsinga sem aðrir nemendur fá „sjálfkrafa“ í gegnum heyrnina.

Hreyfihamlaðir og Háskóli Íslands

Guðlaugur Eyjólfsson lauk BA ritgerð sinni, *Hreyfihamlaðir og Háskóli Íslands*, í uppeldis- og menntunarfræði vorið 2005. Rannsókn Guðlaugs byggðist á viðtölum við fjóra hreyfihamlaða nemendur við HÍ á árunum 1998 – 2004. Nemendurnir töldu skorta kynningu og aðgengilegar upplýsingar um þjónustu og úrræði fyrir fatlaða nemendur í skólanum. Þátttakendur kvörtuðu einnig yfir aðgengi að manngerðu umhverfi Háskólans m.a. byggingum og bílastæðum og bentu á að skábrautir væru víða of brattar, hurðir of þungar, lyftur of litlar og að ýmsir lykilstaðir svo sem salerni, kaffistofur og námsráðgjöf væru ekki aðgengilegir hreyfihömluðum. Tveir þáttakenda höfðu gefist upp á náminu vegna slæms aðgengis eða félagslegrar einangrunar.

Reynsla fatlaðra nemenda af námi í Háskóla Íslands

Erna Hafnes Magnúsdóttir lauk BA ritgerð sinni, *Reynsla fatlaðra nemenda af námi í Háskóla Íslands*, í uppeldis- og menntunarfræði vorið 2006. Viðmælendur í rannsókn Ernu voru fimm hreyfihamlaðir nemendur við HÍ veturinn 2005-2006. Leitað var upplýsinga um hvaða hindranir urðu á vegi þessara nemenda innan HÍ, hvaða aðstoð þeim var veitt og hvernig þeir skynjuðu andrúmsloftið gagnvart fötluðum nemendum. Þátttakendum þótti flestum erfitt að

hefja nám í HÍ vegna ýmiss konar hindrana einkum óviðunandi aðgengis að byggingum. Aðstoð námsráðgjafar HÍ og úrræði til að komast fram hjá hindrunum voru að þeirra mati mjög góð. Þá töldu viðmælendur að viðmót kennara og annarra nemenda gagnvart fötluðum nemendum í HÍ væri gott.

Samantekt

Af lestri rannsóknanna að dæma þá eru óaðgengilegar byggingar og annað umhverfi Háskólans helstu hindranir í námi fatlaðra nemenda. Jafnframt má lesa út úr rannsóknunum að ástandið fari batnandi þótt enn sé langt í land.

Háskólavefurinn

Gott aðgengi að háskólavefnum er metnaðarmál fyrir Háskóla Íslands. Vorið 2004 var vefurinn umskrifaður með það í huga að les- og talvélar gætu unnið úr honum upplýsingar. Ári síðar, vorið 2005 var farið að kanna hvernig best væri að fá óháða úttekt á stöðu vefsins en markmið úttektarinnar var að bæta aðgengi allra notenda að háskólavefnum. Þar sem verulegar endurbætur höfðu verið gerðar á vefnum undanfarin ár kom hann nokkuð vel út í úttektinni, en ákveðið var þó að bregðast við ábendingum um það sem betur mátti fara. Hluti endurbótanna, s.s. efnislegar lagfæringar og styttingar, voru unnar af Markaðs- og samskiptadeild HÍ, en tæknilegar breytingar voru gerðar utan HÍ, aðallega hjá hugbúnaðafyrirtækinu Lausn ehf. Verkefnið var styrkt af háskólasjóði og von er á vottun fyrirtækisins Sjá ehf og Öryrkjabandalagsins fyrir Háskóla Íslands fyrir gott aðgengi fyrir fatlaða að vefnum.

Geðheilbrigðismál

Skömmu eftir að Kristín Ingólfssdóttir tók við embætti háskólarektors sumarið 2005, lýsti hún yfir áhuga sínum á því að geðheilbrigðisáætlun Háskóla Íslands liti dagsins ljós. Fól hún Ráði um málefni fatlaðara umsjón með því að starfshópur skipaður þverfaglegu teymi ynni að slíkri áætlun. Starfshópur skipaður fulltrúum frá félagsvísindadeild, hjúkrunarfræðideild, læknadeild, Námsráðgjöf, starfsmannasviði og Maníu (Félag fólks með geðraskanir við HÍ og áhugamanna um málefnið) tók til starfa undir stjórn jafnréttisfulltrúa HÍ í desember 2005. Ákveðið var að skipta verkefninu í tvennt, annars vegar yrðu gerð drög að verklagsreglum, sem Háskólaráð afgreiddi og hins vegar yrði unnið að fræðslu, einkum á háskólavefnum.

Tveimur til þremur háskólanemum úr félagsvísindadeild og hjúkrunarfræðideild verði jafnframt boðið að vinna þverfaglegt 2-3 eininga verkefni, sem tengist námi þeirra veturinn 2006 – 2007. Verkefnið lýtur að því að hanna sérstakan vef með aðgengilegum upplýsingum og fræðslu um geðheilsu, geðraskanir og aðgengi að þeirri þjónustu sem boðið er uppá. Vefurinn verður hýstur hjá Námsráðgjöf, og er ætlað að upplýsa nemendur og starfsfólk um stuðningsúrræði sem og að vinna gegn fordómum á geðröskunum.

Pátttaka í ráðstefnum

Fulltrúar Ráðs um málefni fatlaðra og Námsráðgjafar hafa tekið þátt í nokkrum erlendum ráðstefnum og er fjallað um tvær þeirra hér.

Náms- og starfsráðgjafi frá Námsráðgjöf Háskóla Íslands, sem jafnframt á sæti í ráði um málefni fatlaðra, tók þátt í UT ráðstefnu á vegum Menntamálaráðuneytisins sem haldin var 4. og 5. mars árið 2004. Um var að ræða ráðstefnu um notkun upplýsingatækni í skólastarfi og sá Mennt um framkvæmd ráðstefnunnar með aðkomu skóla á öllum skólastigum. Erindi starfsmanns NHÍ á ráðstefnunni hafði yfirskriftina „Viltu lesa fyrir mig?“ og fjallaði fyrst og fremst um það nýmæli í úrræðum á vegum NHÍ að skanna námsefni á tölvutækt form og gera stúdentum sem þess þurfa, kleift að hlusta á námsefni með aðstoð þula (lestrarforrita), s.s. ReadPlease og ViTal. Þá var gerð grein fyrir öðrum sérhæfðum hugbúnaði og tæknilegum úrræðum sem háskólastúdentum stendur til boða. Kostir UGLUNNAR fyrir háskólastúdentu voru einnig tífundaðir auk þess sem HEAG (Higher Education Accessibility Guide), evrópsk heimasíða um aðgengi að háskólum í Evrópu, var kynnt, sjá nánari upplýsingar á vefslóðinni: <http://www.heagnet.org/>

Árið 1999 var haldin samkeppni meðal norrænna háskóla um aðgengi fatlaðra að æðri menntun. Samkeppninni var stýrt af Nordiska Handikappolitiska Rådet og fjármögnuð af Norrænu ráðherranefndinni. Fjölmargir háskólar á Norðurlöndum tóku þátt í samkeppninni. Það voru Stokkhólmsháskóli og Oslóarháskóli sem báru sigur úr bítum en Háskóli Íslands fékk heiðursverðlaun ásamt tveimur öðrum háskólum í Danmörku og Finnlandi. Í framhaldi af þessari samkeppni var stofnaður samstarfshópur, Nordnet, sem hlaut styrk frá Norrænu ráðherranefndinni (Nordplus) til þriggja ára, þ.e. 2000-2003. Hópurinn lauk störfum með því að haldið var seminar í Árósum 6.- 8. október 2005. Yfirskrift þess var „Etablering af nordisk samarbejde i forskning og udvikling af handicappedes integration på videregående uddannelser“ og markmiðið var að skapa umræðu og mynda tengsl á milli þeirra sem starfa með fötluðum stúdentum í háskólum og þeim sem stunda rannsóknir á þessu sviði. Arnfríður

Ólafsdóttir deildarstjóri Námsráðgjafar Háskóla Íslands, sem var fulltrúi háskólastigsins á Íslandi í Nordnet, bauð til þátttöku í seminarinu þremur fulltrúum úr Ráði um málefni fatlaðara, þ.e. þeim Maríu Dóru Björnsdóttur náms- og starfsráðgjafa NHÍ, Magnúsi Stephensen skrifstofustjóra NHÍ og Rannveigu Traustadóttur prófessor í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands. Rannveig hélt þar fyrirlestur fyrir Íslands hönd um rannsóknir á aðstæðum fatlaðra stúdenta í Háskóla Íslands. Tillaga var gerð að nýjum samstarfshópi sem legði áherslu á frekari rannsóknir á nemendum með fötlun í háskólanámi í þeim tilgangi að finna leiðir til að bæta aðstæður þeirra enn frekar.

5. Aðgengi að byggingum

Flestar byggingar Háskólans voru reistar áður en sérstök ákvæði um aðgengi fatlaðra við hönnuð opinberra bygginga voru sett í skipulags- og byggingarlög. Undanfarin ár hefur verið unnið markvisst að endurbótum, með hliðsjón af núgildandi lögum og reglugerðum, til að bæta aðgengi hreyfihamlaðra að byggingum skólans þar sem því verður við komið. Unnið er eftir áætlun sem gerð var fyrir tímabilið 2001-2007 og hefur hún verið endurskoðuð og þróuð reglulega eftir aðstæðum hverju sinni.

Margt hefur verið gert til að bæta aðgengi fatlaðra að byggingum Háskólans á þessu tímabili. Sem dæmi má nefna að sérmerktum bílastæðum á Háskólasvæðinu hefur fjölgað til muna á undanförunum misserum. Göngustígar milli svæða og bygginga hafa víða verið endurgerðir og gangstéttarbrúnir lagfærðar til að auðvelda umferð fólks í hjólastól um Háskólasvæðið. Í Aðalbyggingu var komið fyrir nýrri salernisaðstöðu fyrir fatlaða og settar upp stigalyftur við tröppur norður- og suðurálmú á fyrstu hæð. Gerður verður nýr inngangur í bygginguna og tillögur að breytingu á aðallyftu á milli hæða eru í vinnslu. Við Árnagarð hefur verið lögð skábraut að aðalinngangi að vestanverðu og settur upp rafmagnsbúnaður á útihurðir. Þá voru gerðar umtalsverðar breytingar á lóð Lögbergs til að bæta aðgengi fatlaðra. Útbúin voru sérmerkt upphituð bílastæði og lagður hiti í gangstéttir. Jafnframt var komið fyrir rafmagnsbúnaði á nýja útihurð. Í aðalsal hússins, L101, var komið fyrir stæðum fyrir fólk í hjólastólum ásamt rafmagnstengingum fyrir tölvur. Í Odda var settur upp rafmagnsbúnaður á útihurðir og fest kaup á hjólastólalyftu sem komið verður fyrir á fyrstu hæð, við tröppur að aðallyftu. Aðgengi hefur verið bætt í húsinu Haga við Hofsvallagötu m.a. með nýjum rafmagnsbúnaði á útihurðum. Jafnframt var opnað á milli húseininga með bættu aðgengi

hreyfihamlaðra að aðallyftu hússins. Í Neshaga 16 hefur verið unnið að hönnum á salerni fyrir fatlaða og lyftu á milli hæða.

Byggingaframkvæmdir á Háskólatorgi 1 og 2 hófust vorið 2006 en þegar þeim lýkur, í desember 2007, mun aðgengi fatlaðra batna að og á milli þeirra bygginga sem tengjast torgunum tveimur. Mikil vinna fór fram hjá Bygginga- og tæknideild og Framkvæmdasýslu ríkisins við undirbúning útboðs þessara bygginga þar sem lögð var áhersla á að tryggja gott aðgengi fyrir fatlaða. Á síðari stigum hefur Bygginga- og tæknideild farið yfir teikningar á Háskólatorgum m.t.t. þarfa fatlaðra og komið með ábendingar um það sem betur má fara. Fylgst verður með framkvæmdum á síðari byggingarstigum húsanna.

Til fróðleiks fyrir stúdenta og starfsfólk hafa lýsingar á aðgengi að og í byggingum HÍ verið settar á háskólavefinn, vefslóð: www.hi.is/page/kort. Til að byrja með var sex byggingum skólans lýst en þeim fer stöðugt fjölgandi og eru nýjar upplýsingar um aðgengi að húsum skólans birtar á vefnum um leið og þær liggja fyrir.

6. Hagsmunafélög stúdenta

Hagsmunafélög stúdenta bera aukinni umræðu og breyttum viðhorfum til málefna fatlaðra glöggt vitni en á undanförunum misserum hafa tvö slík félög verið stofnuð innan Háskóla Íslands.

Fortúna

Fortúna, félag um málefni fatlaðra stúdenta við Háskóla Íslands, var stofnað föstudaginn 19. nóvember 2004. Helstu markmið félagsins eru að vekja athygli á málefnum fatlaðra stúdenta og að vera málsvári þeirra innan skólans og utan. Þá skal félagið stuðla að ítarlegri umfjöllun um málefni ungs fatlaðs fólks og bættri kennsluáðstöðu og aðgengi að byggingum Háskólans, í samvinnu við önnur hagsmunafélög.

Hugmyndir eru um að kanna meðal fatlaðra einstaklinga innan háskólans hvað þeir telji brýnast að bæta m.t.t. aðstöðu og aðgengis. og stuðla að því að fatlaðir fái að taka virkan þátt í umfjöllun og ákvörðunum um eigin málefni. Þá á Fortúna að vera tengiliður stúdenta við hagsmunafélög s.s. Sjálfsbjörgu. og styrkja tengsl við fyrirtæki sem sjá hag sinn í því að fá fatlaða einstaklinga til starfa.

Manía

Manía, félag fólks með geðraskanir innan HÍ og áhugamanna um málefnið, var stofnað á alþjóðageðheilbrigðisdeginum 10. október 2005. Stofnfundinn sóttu um 80 manns, þar á meðal rektor Háskólans og fulltrúar fjölmiðla. Að stofnun félagsins kom hópur fólks sem vill standa vörð um hagsmuni nemenda og starfsmanna með geðraskanir og er það opið öllum sem hafa áhuga á málefninu og vilja leggja því lið.

Markmið Maníu eru fjórpætt: 1) Að starfa með háskólayfirvöldum við að bæta þjónustu við stúdenta og starfsmenn HÍ með geðraskanir; 2) að standa fyrir opinni og upplýstri umræðu innan Háskóla Íslands um geðraskanir og geðheilbrigði; 3) að stuðla að samstarfi við nefndir og stofnanir sem koma að málum varðandi fólk með geðraskanir, innanlands sem utan, 4) að halda uppi skipulögðu félagsstarfi.

7. Verkefnin framundan

Þó að margt hafi áunnist í málefnum fatlaðra á undanförunum árum eru verkefnin framundan óþrjótandi. Ráð um málefni fatlaðra setur sér starfsáætlanir til árs í senn og NHÍ hefur sett sér áætlun til fimm ára samhlíða úrvinnslu stefnu Háskóla Íslands 2006 – 2011.

Verkefni Ráðs um málefni fatlaðra

Ráð um málefni fatlaðra setur sér starfsáætlanir til eins árs í senn en auk þess eru tekin fyrir málefni sem ráðinu er falin á hverjum tíma. Í starfsáætlun ráðsins veturinn 2006 – 2007 er einkum gert ráð fyrir eftirtöldum verkefnum:

- Endurskoðun á stefnu í málefnum fatlaðra. Stefna í málefnum fatlaðra, sem samþykkt var á háskólafundi 2002, tekur fremur til stúdenta en starfsfólks. Ráðið hefur áhuga á að endurskoða stefnuna m.t.t. starfsfólks stofnunarinnar auk þess að leggja áherslu á málefni fólks með geðraskanir.
- Geðheilbrigðisáætlun HÍ. Í haustbyrjun mun ráðið leggja fyrir háskólaráð drög að verklagsreglum, unnin af starfshópi um geðheilbrigðismál.
- Ráðið mun beita sér fyrir að aðgengissetur á Háskólatorgi I fullnægi þörfum fatlaðra nemenda m.t.t. húsbúnaðar og tækja.
- Heimasíða Ráðs um málefni fatlaðra. Ráðið hefur hug á að endurgera heimasíðu sína með tengingum við aðrar heimasíður, sem fjalla um málefni fatlaðs fólks.

- Fræðslumál. Ráðið hyggst standa fyrir fræðslu af þrennum toga. Í fyrsta lagi er áætlað að efna til fræðslu um aðgengismál sem einkum er ætlað umsjónamönnum, starfsfólki upplýsingaskrifstofu og skrifstofu deilda. Í öðru lagi hefur Ráðið hug á að efna til þings um geðheilbrigðismál í samvinnu við fleiri aðila innan og utan HÍ. Í þriðja lagi hefur ráðið hug á að taka þátt í árlegri námskynningu Háskólans í samstarfi við Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum og Námsráðgjöf þar sem kynnt verða sérstaklega námsmöguleikar og aðgengismál.
- Aðgengislýsingar að byggingum Háskólans. Ráðið hefur beitt sér fyrir vinnu við lýsingu á aðgengi hvernar byggingar HÍ fyrir sig. Sú vinna er ágætlega á veg komin en ýmislegt er þó óunnið og er stefnt að því að ljúka verkinu á komandi vetri.
- Beita sér áfram fyrir bættu aðgengi fatlaðra á háskólasvæðinu og að byggingum.

Ritstjórn skýrslunnar skipuðu: Ásdís Guðmundsdóttir, Magnús Stephensen, María Dóra Björnsdóttir og Sigrún Valgarðsdóttir. Aðrir sem komu að samningu efnis eru: Arnfríður Ólafsdóttir, Friðrik Rafnsson, Gísli Fannberg, Hallgrímur Gunnþórsson, Ingibjörg Þórðardóttir, Lilja Þorgeirsdóttir, Rannveig Traustadóttir og Valþór Sigurðsson. Amalía Skúladóttir las próförok.